



Reykjavík 17. maí 2024

Niðurstaða könnunar- og matsferlis hjá Sparisjóði Suður-Píngeyinga ses. – stjórnarhættir og rekstrar-áhætta

Inngangur

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands leggur mat á þá áhættuþætti sem felast í starfsemi fjármálafyrirtækja í svonefndu könnunar- og matsferli (e. Supervisory Review and Evaluation Process, SREP) skv. 80. og 81. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 107. gr. a sömu laga. Í ferlinu fer fjármálaeftirlitið meðal annars yfir það hvort fjármálafyrirtæki hafi yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu, sbr. 77. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, og með hvaða hætti það meðhöndlar áhættuþætti í starfsemi sinni samkvæmt 78. gr. a – 78. gr. i, sbr. 79. gr., sömu laga.

Könnunar- og matsferli er framkvæmt árlega, á tveggja ára eða þriggja ára fresti, allt eftir stærð, kerfislegu mikilvægi, eðli, umfangi og því hversu margþætt starfsemin er.

Í ferlinu var lagt mat á stjórnarhætti og innra eftirlit og rekstraráhættu hjá Sparisjóði Suður-Píngeyinga ses. Við mat á þessum áhættuþáttum er stuðst við Almenn viðmið og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum sem eru byggð á viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um sama efni (EBA/GL/2022/03).

Með bréfi, dags. 8. nóvember 2022, var Sparisjóði Suður-Píngeyinga ses. tilkynnt um mat fjármálaeftirlitsins á eiginfjárbörf. Það mat var jafnframt birt opinberlega [21. nóvember 2022](#). Með bréfi, dags. 13. júní 2023, var sparisjóðnum tilkynnt um framhald könnunar- og matsferlisins sem fól í sér mat á stjórnarháttum og rekstraráhættu. Sparisjóðurinn skilaði inn gögnum sem óskað var eftir í ágúst 2023 og í kjölfarið hófst fjármálaeftirlitið handa við að kanna efni gagnanna og greina upplýsingar sem þar komu fram auk þess að leggja mat á stjórnarhætti og rekstraráhættu í starfsemi sparisjóðsins. Fjármálaeftirlitið sendi sparisjóðnum drög að niðurstöðum könnunar- og matsferlisins 23. febrúar 2024 og fékk sparisjóðurinn tækifæri á að koma á framfæri andmælum, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Engin andmæli bárust. Fjármálaeftirlitið lauk mati á stjórnarháttum og rekstraráhættu í starfsemi sparisjóðsins og sendi sparisjóðnum bréf um niðurstöðuna í maí 2024.

Tilgangur og markmið

Könnunar- og matsferlið leiðir til niðurstöðu um að hve miklu leyti þær ráðstafanir sem hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki hefur gripið til vegna áhættuþátta séu nægjanlegar, hvort

stjórnun þess sé traust og hvort eiginfjárgrunnur sé fullnægjandi með hliðsjón af þeim áhættuþáttum sem felast í starfseminni.

Á grundvelli könnunar- og matsferlisins hefur fjármálaeftirlitið meðal annars heimild til að mæla fyrir um hærra eiginfjárlutfall en sem nemur hinu 8% lögbundna lágmarki, endurbætur á innri ferlum, niðurfærslu á eignum við útreikning á eiginfjárgrunni, hömlur eða takmörkun á starfsemi hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis og að dregið sé úr áhættu sem starfsemi þess felur í sér. Þá getur fjármálaeftirlitið komið ýmsum athugasemdum og ábendingum á framfæri í ferlinu.

Niðurstöður og úrbótakröfur

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem fjármálaeftirlitið aflaði í tengslum við athugunina voru gerðar eftirfarandi athugasemdir og viðeigandi úrbótakröfur:

- Sparisjóðurinn hafði ekki framkvæmt skjalfest árangursmat á störfum stjórnar í samræmi við 1. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sbr. einnig 20. kafla sameiginlegra viðmiðunarreglna ESMA og EBA um mat á hæfi (EBA/GL/2021/06). Fjármálaeftirlitið fór fram á að stjórn sparisjóðsins framkvæmi árlega skjalfest árangursmat á eigin störfum sem og mat á endurskoðunarnefnd í samræmi við fyrrnefndar viðmiðunarreglur.
- Sparisjóðurinn hafði ekki framkvæmt skjalfest árangursmat á störfum sparisjóðsstjóra í samræmi við 3. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sbr. einnig 20. kafla fyrrgreindra viðmiðunarreglna ESMA og EBA. Fjármálaeftirlitið fór fram á að sparisjóðurinn framkvæmi árlega skjalfest árangursmat á störfum sparisjóðsstjóra til samræmis við fyrrnefndar viðmiðunarreglur.
- Sparisjóðurinn hafði ekki framkvæmt greiningu á hugsanlegum hagsmunaárekstrum í starfsemi sinni og sett stefnu eða reglur til varnar hagsmunaárekstrum, sbr. 1. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki og einnig 11. og 12. kafla viðmiðunarreglna EBA um innri stjórnarhætti (EBA/GL/2021/05). Fjármálaeftirlitið fór fram á að stjórn sparisjóðsins tryggji að framkvæmd verði greining á hugsanlegum hagsmunaárekstrum í starfsemi sparisjóðsins og setji stefnu eða reglur um varnir gegn hagsmunaárekstrum. Að því loknu var óskað eftir að afrit af greiningunni yrði sent til fjármálaeftirlitsins.
- Stjórn sparisjóðsins hafði ekki sinnt hlutverki sínu samkvæmt 54. gr. a laga um fjármálafyrirtæki með því að uppfæra ekki innri ferla áhættustýringar, a.m.k. árlega auk þess sem umræður stjórnar um áhættustýringu og helstu áhættuþætti í starfsemi sparisjóðsins eru verulega takmarkaðar. Fjármálaeftirlitið fór fram á að sparisjóðurinn tryggji reglubundna uppfærslu á áhættustýringarreglum og ferlum áhættustýringar auk þess að fjallað verði um áhættuþætti í starfsemi sparisjóðsins með fullnægjandi hætti á vettvangi stjórnar. Þá fór fjármálaeftirlitiðið fram á að bæði stjórn og endurskoðunar- og áhættunefnd fjalli um ICAAP/ILAAP-skýrslu sparisjóðsins með fullnægjandi hætti.